

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði 2010.

1. gr.

Árlegt þjónustugjald vegna sorphirðu og sorpeyðingar á Fljótsdalshéraði, til að standa undir kostnaði, er sem hér segir:

- A. Á hverja íbúð í péttbýli og á lögbýli, eða íbúðarhús utan þéttbýlis greiðist þjónustugjald:

Sorpirðugjald	kr. 14.600
Sorpþorgunargjald	kr. 5.000
Samtals:	kr. 19.600

- B. Tíðni losunar og rúmmál ílátá:

Péttbýli:

Brún 120 l	16 sinnum á ári
Grá 240 l	13 sinnum á ári
Græn 240 l	13 sinnum á ári

Dreifbýli:

Jarðgerðartunna	Ekki losuð
Grá 240 l	16 sinnum á ári
Græn 660 l	7 sinnum á ári

- C. Á hvert frístundahús (sumarbústaðir o.p.h.), 30% af fullu gjaldi (kr. 19.600) enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæðum á vegum sveitarfélagsins eða í reglubundna sorpsöfnunarferð sorpbíls sveitarfélagsins, þar sem aðstæður leyfa og þá samkvæmt sérstöku samkomulagi. Íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu greiða hvorki sorphirðu- né sorpförgunarjald af frístundahúsum sínum innan sveitarfélagsins sem þeir nýta sjálfir ef þeir greiða fullt sorpgjald af öðru íbúðarhúsnæði sem þeir búa í, í sveitarfélaginu.

Auk gámasvæðis á Egilsstöðum verður gámasvæði opið við sumarbústaðahverfi með yfir 20 bústöðum yfir mesta ferðamannatímann skv. 6. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

2. gr.

Gjald fyrir sorphirðu samkvæmt 1. gr. skal innheimta með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjald fyrir úrgang sem komið er með til söfnunarstöðvar:

Meðhöndlun	kr. með vsk.
Tíma vinna við flokkun og frágang	3.026
Vigtunargjald	1.494
Vigtunargjald utan opnumunartíma	8.125

Óflokkað

kr./kg með vsk.

Grófur óflokkaður úrgangur	19,74
----------------------------	-------

Úrgangur sem þarf að flokka og vinna sérstaklega fyrir förgun og aðra meðhöndlun. Sem dæmi: teppi, dýnur, kaðlar, net, húsgögn, jarðvegur, málmar, timbur, steinefni og gler.

Nr. 1121

17. desember 2009

<i>Blandaður úrgangur</i>	13,74
---------------------------	-------

Að mestu úrgangur sem fer ekki í skilgreindan endurvinnsluferil og þarfnað ekki sérstakrar meðhöndlunar fyrir förgun.

Flokkað	kr./kg með vsk.
<i>Timbur</i>	12,17
Hvítmálað, plasthúðað og blandað	
<i>Timbur</i>	5,18
Hreint, ekki litað eða fúavarið	
<i>Kjöt og sláturúrgangur</i>	13,74
<i>Heimilistæki o.fl.</i>	13,74
<i>Gras án aðskotahluta</i>	4,36
<i>Húsbúnaður, fatnaður o.fl. til endurnotkunar</i>	0
<i>Bylgjupappi sem er tækur til endurvinnslu</i>	0
<i>Dagblöð, tímarit, skrifstofupappír og annar pappír tækur til endurvinnslu</i>	0

Gjöld vegna spilliefna og spilliefnamengaðs úrgangs o.p.h. sem úrvinnslugjald er ekki lagt á:
kr./kg með vsk.

<i>Olíusúr</i>	103,54
<i>Olíuúrgangur s.s. ódælanlegur úrgangur og olíumengaugaður jarð-vegur, tvistur o.fl.</i>	176,62
<i>Lífræn spilliefni með halógenum og/eða brennisteini s.s. ýmis PCB úrgangur</i>	811,01
Lífræn spilliefni án halógens og brennisteins	
<i>Lífræn efni: Etylenglykól, frostlögur, prýlenglykól, ediksýra, lífrænar sýrur, asfalt, amín, lífræn sölt, polýól og tektyl</i>	221,27
<i>Málning vatnsblönduð og önnur ótalín eftirlitsskyld spilliefni</i>	56,48
<i>Kvikasilfursmengaður úrgangur</i>	556,98
<i>Oxandi og gasmyndandi efni</i>	875,89
<i>Ólífraen spilliefni, s.s. brennisteinssýra, saltsýra, fosfórsýra, flúorsýra, krómsýra, málmhreinsisýrur, lútur, basísk affitunarböð með cyaníði, galvanhúðunarböð, herðisölt, natríum hydroxíð, fljótandi hýpólórít, málmhydroxíðleðja, ólífraen sölt</i>	318,63
<i>Ýmis spilliefni, s.s. lyf, sprautunálar, flugeldar, polyúretan úða-brúsar. Úrgangur sem þarfnað efnagreiningar</i>	318,63
<i>Umbúðir spilliefnamerkar/spilliefnamengaðar >100 l</i>	5.899,00
<i>Umbúðir spilliefnamerkar/spilliefnamengaðar <100 l</i>	1.475,00
<i>Gagnaeyðing</i>	111,41

4. gr.

Tekið er á móti úrgangi sem úrvinnslugjald er lagt á, án endurgjalds.

Starfsmaður söfnunarstöðvar ákveður, að fenginni lýsingu úrgangshafa á úrgangi, í hvaða flokk úrgangur fellur skv. gjaldskránni.

Flutningsaðilar á úrgangi á móttökustað ábyrgjast greiðslu gjalda skv. gjaldskrá eða geri grein fyrir með óyggjandi hætti, almennt eða í einstöku tilfelli, hver sé ábyrgur úrgangshafi hvers farms.

Íbúar sveitarfélagsins geta afhent allt að 50 kg af forflokkuðum úrgangi samtals á mánuði án þess að greiða sérstaklega fyrir það, enda sé um heimilisúrgang að ræða.

5. gr.

Sveitarféluginu er heimilt að gera sérstaka samninga um móttöku úrgangs og aðra þjónustuþætti, þegar um er að ræða afmarkaðri eða víðtækari þjónustu en gjaldskrá tekur til.

Sveitarféluginu er heimilt að ákveða að veittur verði allt að 3% afsláttur af framangreindri gjaldskrá gegn skilvísri greiðslu gjalda skv. gjaldskránni.

6. gr.

Verði vanskil á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er hægt að innheimta gjöld með fjárnámi hjá úrgangshafa án undangengins dóms, sbr. lokamálslið 4. mgr. 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Gjöld eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign tvö ár eftir gjalddaga, sbr. lokamálslið 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, er samin og samþykkt af umhverfis- og héraðsnefnd og staðfest af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 16. desember 2009, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands og með stoð í 8. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs á Fljótsdalshéraði, nr. 232/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998 með síðari breytingum, og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs, nr. 55/2003 með síðari breytingum.

Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu á Fljótsdalshéraði nr. 116/2009.

Egilsstöðum, 17. desember 2009.

F.h. bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs,

Eiríkur Bj. Björgvinsson bæjarstjóri.